



Tilfærsla þjónustu við fatlaða

Sigurður H. Helgason
Stjórnhættir

Ráðgjafi verkefnisstjórnar um verkaskiptingu
ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála





Samkomulag ríkis og sveitarfélaga

- Unnið er að gerð endanlegs samkomulags ríkis og sveitarfélaga um alla þætti tilfærslu þjónustu við fatlaða.
- Flestir þættir samkomulagsins hafa verið mótaðir.
- Eftir er að ná endanlegri niðurstöðu um nokkra þætti.



Þjónustupættir, markmið og lagabreytingar

- Ákveðið hefur verið hvaða þjónustupættir færast til sveitarfélaga.
- Markmið tilfærslunnar hafa verið skilgreind
- Áætlun um þróun lagarammans liggur fyrir.
- Unnið er að gerð lagafrumvarps.



Þjónustusvæði

- Útfærsla um hlutverk og lágmarksstærð liggur fyrir.
- Útfærsla á samstarfsformum liggur fyrir.
- Skipting landsins í þjónustusvæði liggur að mestu leyti fyrir.
- Eftir að ganga frá endanlegu samkomulagi milli sveitarfélaga.
- Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undirbúa samstarf um sérhæfða þjónustupætti.



Fjárhagsrammi

- Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma tilfærslu þjónustu við fatlaða var undirritað 6. júlí sl.
- Útsvarshlutfall sveitarfélaga verður hækkað um 1,2% gegn samsvarandi lækkun á tekjuskattshlutfalli ríkisins.
- Veitt verða sérstök framlög á fjárlögum næstu þrjú ár vegna veikrar stöðu útsvarsstofnsins, biðlista, notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar og breytingakostnaðar.
- Stefnt er að því að útsvarshlutfall vegna þjónustu við fatlaða verði endurskoðað 2014 og að framlög á fjárlögum falli niður.

Fjárhæðir samkomulags

<i>Fjárhæðir í m.kr. á verðlagi ársins 2010</i>	2011	2012³	2013³
Hækkun útsvars	9.670	10.000	10.200
Framlög á fjárlögum:	1.030	1.200	1.370
- Þar af vegna notendastýrðrar perónulegrar aðstoðar	50	100	150
- Þar af vegna biðlista	0	200	400
- Þar af vegna breytingakostnaðar	200	120	40
- Þar af vegna veikrar stöðu útsvarsstofnsins	780	780	780
Heildartekjur sveitarfélaga	10.700	11.200	11.570
<i>Áætlaður vöxtur vergrar landsframleiðslu¹</i>	3,2%	3,4%	2,1%
<i>Áætlaður útsvarsstofn²</i>	806.086	833.493	850.996
<i>Útsvarshlutfall</i>	1,2%	1,2%	1,2%

1. Samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 15. júní 2010.
2. Þróun útsvarsstofns er áætluð á grunni útsvarsstofns 2009 og spár um þróun vergrar landsframleiðslu.
3. Fjárhæðir útsvarstekna og þar með heildartekna árin 2012-13 eru óvissar og byggja á spá.



Jöfnunaraðgerðir

- Sveitarfélög munu greiða sem samsvarar 0,95% af útsvarsstofni til sérdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða.
- Þetta þýðir að 0,25% af útsvarsstofni renna beint til sveitarfélaga.
- Framlög á fjárlögum renna einnig renna til sérdeildarinnar.
- Jafnað verður á grundvelli fjölda og þjónustuparfa fatlaðra.
 - Kostnaður vegna þeirra sem þurfa á mikilli þjónustu að halda verður fjármagnaður af jöfnunarkerfinu.
- Heimilt er að ákveða sérstakt aðlögunartímabil þar sem framlög byggja að hluta á framreiknuðum rekstrarkostnaði ársins 2010.
- Sett verða sérstök ákvæði um ráðstöfun framlaga vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, biðlista eftir þjónustu og breytingakostnaðar.



Fasteignamál

- Fasteignir í eigu ríkisins renna til sérstaks fasteignafélags í umsjón Jöfnunarsjóðs.
- Framkvæmdasjóður fatlaðra verður lagður niður.
- Starfsemi félagsins skal miða að því að tryggja sem jafnasta aðstöðu sveitarfélaga vegna fasteignamála.
- Framkvæmdin mun byggja á einum af tveimur meginvalkostum:
 - Bein tilfærsla eignarhalds á tilteknu árabili með áframhaldandi stofnstyrkjum
 - Leiga eða sala fasteigna til sveitarfélaga og nýting nettó tekna til að jafna húsnæðiskostnað.



Starfsmannamál

- Starfsmenn sem starfa í þjónustueiningum verða við tilfærsluna starfsmenn sveitarfélaga.
- Störf á svæðisskrifstofum málefna fatlaðra verða lögð niður en sveitarfélög munu leitast við að bjóða starfsmönnum þeirra störf.
- Ágreiningur um stéttarfélagsaðild.
- Ekki marktækur launamunur milli starfsmanna ríkisins og sambærilegra starfsmanna sveitarfélaga.



Réttur til þjónustu og þróun hennar

- Unnið hefur verið yfirlit um hvernig réttur fatlaðra til þjónustu verður tryggður.
- Efnt verður til sérstaks samstarfsverkefnis um notendastýrða persónulega aðstoð
- Gerðar verða tiltekna breytingar á reglugerð um búsetu fatlaðra.
- Árið 2010 verður gerð ítarleg könnun á fjölda og þjónustupörf fatlaðra og leitað eftir upplýsingum um biðlista.
- Framkvæmt verður samræmt mat á þörf fyrir þjónustu (SIS-mat) sem meðal annars verður nýtt í þágu jöfnunaraðgerða.



Mat

- Árið 2014 fer fram sameiginlegt mat ríkis og sveitarfélaga á faglegum og fjárhagslegum árangri tilfærslunnar og hefst undirbúningur árið 2013.
- Helstu óvissuþættir sem eru grundvöllur endurmats fjárhagslegra forsendna hafa verið skilgreindir.



Stýrihópur

- Stýrihópur ríkis, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka fatlaðra hefur umsjón með framkvæmd tilfærslunnar.
- Hópurinn vinnur áætlanir, veitir sveitarfélögum aðstoð, fjallar um vafamál og ágreining sem upp kann að koma, gerir tillögur um breytingar á tilhögun tilfærslunnar.
- Stýrihópurinn vinnur einnig að útfærslu jöfnunaraðgerða og fasteignamála í samstarfi við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.